




Norræna
ráðherranefndin

Samstarfsáætlun um **jafnrétti og hinsegin** málefni 2025-2030

Fyrir jafnrétti kynjanna og réttindi hinsegin
fólks á Norðurlöndum



Efnisyfirlit

Formáli	3
Inngangur	4
Pólítískar áherslur	6
Markmið 1: Vinnumarkaður framtíðarinnar á að stuðla að efnahagslegu jafnrétti á Norðurlöndum	7
Markmið 2: Norrænu löndin eiga að vera laus við mismunun og skipting valda og áhrifa á að endurspeglar fjölbreytileika norrænna samfélaga	10
Markmið 3: Norðurlönd eiga að vera laus við kynbundið og kynferðislegt ofbeldi, kynferðislega áreitni og hatur	13
Markmið 4: Öllum íbúum Norðurlanda á að gefast tækifæri til að móta eigið líf án þess að staðalmyndir og væntingar sem tengjast kynferði, kynvitund og kynhneigð haldi aftur af þeim	15
Markmið 5: Vinna skal gegn og koma skal í veg fyrir ójafnrétti þegar kemur að heilbrigði, vellíðan og lífsgæðum	17
Starfsaðferð	19
Um ritið	22

Þetta rit er einnig fáanlegt á netinu í vefaðgengilegri útgáfu:
<https://pub.norden.org/politiknord2024-732>

Formáli



Paulina Brandberg, jafnréttis- og vinnumálaráðherra Svíþjóðar og Karen Ellemann, framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar

Í meira en 50 ár hafa ríkisstjórnir Norðurlanda unnið saman að málefnum kynjajafnréttis.

Norræna samstarfið hefur sífellt eflst og þróast og frá árinu 2020 hefur það einnig náð til réttinda hinsegin fólks.

Við á Norðurlöndum deilum sömu grunngildum, s.s. þeirri trú að allar manneskjur séu jafn mikils virði og að mannréttindi séu algild. Við búum við samfélög þar sem jafnræði og jafnrétti eru í hávegum höfð og erum þess vegna oft fyrirmynd annarra.

Við erum stöðug lýðræðisríki sem er annt um frið og frelsi og ekki síst frelsi einstaklingsins til að velja og móta líf sitt eftir eigin vilja. Þannig er frelsið frá neikvæðum kynjaímyndum og hefðbundum kynjahugmyndum á meðal sameiginlegra norrænna grunngilda.

Á Norðurlöndum eiga allir borgarar að finna fyrir öryggi og að þau tilheyri. Enginn á að þurfa að verða fyrir mismunun, hótunum eða ofbeldi vegna kyns, kynhneigðar eða kynvitundar.

Mikilvægt er að standa vörð um þessi sameiginlegu norrænu grunngildi sem við byggjum samfélög okkar á. Þegar réttindi hinsegin fólks eru dregin í efa víða um heim þá stöndum við vörð um jafnrétti, jafnræði og hugmyndina um að allar manneskjur séu jafn mikils virði.

Við getum ekki gengið að slíkum mannréttindum vísum og því þurfum við að standa vörð um þann árangur sem við höfum náð á Norðurlöndum. Þess vegna höldum við áfram norræna samstarfinu um kynjajafnrétti og réttindi hinsegin fólks til ársins 2030.

Paulina Brandberg
jafnréttis- og vinnumálaráðherra
Svíþjóðar

Karen Ellemann
framkvæmdastjóri Norrænu
ráðherranefndarinnar

Inngangur

Norðurlönd eru komin langt í vinnunni að jafnrétti kynjanna og réttindum til handa hinsegin fólki með jafnt löggjöf sem pólitískum aðgerðum. Enn er þó langt í land áður en öll, óháð kyni, hafa sömu tækifæri til þess að hafa áhrif og móta eigið líf og taka þátt í þróun samfélagsins á jafnréttisgrundvelli. Jafnframt eru enn til staðar áskoranir sem leysa verður úr áður en hinsegin fólk á Norðurlöndum nýtur sömu réttinda og tækifæri og aðrir íbúar.

Árið 2019 samþykktu norrænu forsætisráðherrarnir sameiginlega framtíðarsýn^[1] um að árið 2030 skyldu Norðurlönd vera sjálfbærasta og samþættasta svæði heims. Starfsemi Norðurlandaráðs á því að stuðla að uppfyllingu framtíðarsýnarinnar í gegnum aðgerðir á hinum þremur stefnumarkandi áherslusviðum: grænum Norðurlöndum, samkeppnishæfum Norðurlöndum og félagslega sjálfbærum Norðurlöndum.

Norrænt samstarf á sviði jafnréttismála og hinsegin málefna á tímabilinu 2025–2030 á einnig að stuðla að því að Norðurlönd verði grænni, samkeppnishæfari og félagslega sjálfbærari. Jafnrétti kynjanna og jöfn réttindi fyrir hinsegin fólk eru ekki aðeins á meðal helstu gilda Norðurlanda heldur einnig forsenda þess að þessi markmið náist.

Grænu umskiptin kalla á miklar samfélagslegar breytingar á Norðurlöndum. Eigi þessar breytingar að skila árangri og verða öllum Norðurlandabúum til góðs verða þær að byggjast á jafnrétti og jöfnum réttindum.

Til þess að Norðurlönd geti áfram verið samkeppnishæf verða allir Norðurlandabúar að geta lagt sitt af mörkum til samfélagsins. Einungis með því að norræn menntakerfi og vinnumarkaðir byggist á jafnrétti og jöfnum réttindum hafa allir íbúar Norðurlanda jöfn tækifæri til þess að nýta hæfileika sína.

Norðurlandabúar eru ekki allir eins en til þess að Norðurlönd geti verið félagslega sjálfbær verða jafnrétti og jöfn réttindi að liggja til grundvallar vinnunni að inngildandi samfélagi sem byggist á sterkri samstöðu og sameiginlegum gildum.

Í samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um jafnrétti og hinsegin málefni, MR-JÄM, er pólitískum áherslum og markmiðum fyrir tímabilið 2025–2030 lýst ásamt tengingu þeirra við framtíðarsýn Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2030^[2].

Norðurlandaráð og borgarasamfélagið á Norðurlöndum komu með tillögur varðandi markmiðin í samstarfsáætluninni.

Samstarfsáætlunin er stýrandi fyrir alla starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar um jafnrétti og hinsegin málefni.

Norræna ráðherranefndin um jafnrétti og hinsegin málefni samþykkti samstarfsáætlunina þann [dags.] og gildir hún til 31. desember 2030.

1. <https://www.norden.org/is/declaration/framtidasyn-okkar-2030>
2. <https://www.norden.org/is/framtidasyn-okkar-2030>

Framtíðarsýn okkar 2030



Samkeppnishæf Norðurlönd

Saman ætlum við að efla grænan hagvöxt á Norðurlöndum, byggðan á þekkingu, nýsköpun, hreyfanleika og stafrænni samþættingu.



Græn Norðurlönd

Saman ætlum við að greiða fyrir grænum umskiptum í samfélögum okkar og vinna að kolefnishlutleysi og sjálfbæru hringrásarhagkerfi og lífhagkerfi.

Norðurlönd eiga að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims



Félagslega sjálfbær Norðurlönd

Saman ætlum við að efla samfelt svæði án aðgreiningar þar sem jafnrétti ríkir og sem byggist á sameiginlegum gildum og enn öflugri menningarsamskiptum og velferð.

Öll starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar á að stuðla að því að gera að veruleika framtíðarsýn okkar um að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030. Samstarfsáætlunin lýsir því hvernig fagsviðið ætlar að vinna með stefnumarkandi áherslurnar þjár.

Pólítískar áherslur



Jafnrétti kynjanna

Samstarf norrænu landanna, Færeyja, Grænlands og Álandseyja á sviði jafnréttismála á að stuðla með beinum og skilvirkum hætti að jafnrétti kynjanna á Norðurlöndum.

Jöfn réttindi til handa hinsegin fólki

Samstarfa norrænu landanna, Færeyja, Grænlands og Álandseyja á sviði hinsegin málefna á að stuðla að jöfnum réttindum og tækifærum til handa hinsegin fólki á Norðurlöndum.

Markmið 1: Vinnumarkaður framtíðarinnar á að stuðla að efnahagslegu jafnrétti á Norðurlöndum



Jafnrétti hefur í sögulegu ljósi leikið lykilhlutverk í þróun hinna öflugu norrænu velferðarsamfélaga. Mikil atvinnuþátttaka jafnt karla sem kvenna, auk góðra aðgerða í jafnréttismálum, hefur skilað því að á norrænum vinnumörkuðum ríkir einna mest jafnrétti í heiminum.

Þrátt fyrir það er enn til staðar bæði lóðrétt og lárétt kynjaskipting í menntakerfum og á vinnumörkuðum á Norðurlöndum þar sem karlar eru í meirihluta í stjórnunarstöðum og konur og karlar eru ýmist í miklum minni- eða meirihluta í hefðbundnum karla- og kvennastörfum. Þá er launamunur enn einkennandi fyrir norræna vinnumarkaði auk þess sem algengara er að konur vinni hlutastörf en karlar. Jafnframt hvíla ólaunuð umönnunar- og heimilistörf enn að of miklu leyti á herðum kvenna og það eru enn konur sem nýta langstærstan hluta fæðingarorlofs.

Mikilvægt er að beina sjónum að hinum grænu umskiptum norrænna samfélaga og vinnumarkaða þar sem hætta er á að núverandi ójöfnuður aukist enn verði ekki markvisst unnið að því að umskiptin eigi sér stað með réttlátum og jafnréttismiðuðum hætti. Kynjaskipting vinnumarkaðarins má ekki verða hindrun í vegi grænna umskipta því þörf er á öllum hæfum einstaklingum til þess að finna góðar lausnir.

Löggjöf á Norðurlöndum veitir hinsegin fólki góða vernd gegn mismunun, jafnt á vinnumarkaði sem utan hans, og mörg norræn fyrirtæki vinna markvisst starf í þágu inngildingar og fjölbreytileika. Engu að síður upplifir margt hinsegin fólk fordóma, mismunun og áreitni innan menntakerfisins og á vinnumarkaði. Þetta hefur í för með að tækifæri og vellíðan í vinnu skerðist ásamt því að hinsegin fólk, einkum ungt, er sett í viðkvæmari efnahagslega stöðu og trans einstaklingar fá lægri tekjur en sískynja einstaklingar.

”

Jafnframt hvíla ólaunuð umönnunar- og heimilisstörf enn að of miklu leyti á herðum kvenna og það eru enn konur sem nýta langstærstan hluta fæðingarorlofs.

Undirmarkmið 1.1: Unnið skal gegn kynjaskiptingu á vinnumarkaði.

Undirmarkmið 1.2: Stuðla skal að jafnrétti í tekjum og eignum og fleiri eiga að öðlast efnahagslegt sjálfstæði.

Undirmarkmið 1.3: Leitast skal við að ólaunuð umönnunarstörf skiptist jafnt á milli kynjanna og stuðla skal að jafnrétti á milli foreldra.

Undirmarkmið 1.4: Græn umskipti í norrænum samfélögum skulu stuðla að jafnrétti kynjanna.

Undirmarkmið 1.5: Vinna skal gegn mismunun, áreitni, einelti og útilokun hinsegin fólks í menntakerfinu og á vinnumarkaði.

Markmið 2: Norrænu löndin eiga að vera laus við mismunun og skipting valda og áhrifa á að endurspegla fjölbreytileika norrænna samfélaga



Norrænu löndin hafa í gegnum tíðina verið í fararbroddi þegar kemur að því að stuðla að jöfnu fyrirsvari og kynjaskiptingu í stjórnámum. Engu að síður hallar enn á konur þegar litið er til stjórnunarstaða í samfélaginu, í stjórnámum og atvinnulífinu, og margar konur veigra sér við því að taka þátt í samfélagslegum umræðum á samfélagsmiðlum eða í stjórnámum af ótta við kynbundna áreitni.

Allir íbúar Norðurlanda njóta góðs af jafnrétti því það er bæði einstaklingum og samfélaginu í heild sinni til framdráttar að öll, óháð kyni, leggi sitt af mörkum eftir bestu getu. Áframhaldandi stuðningur almennings við jafnrétti sem norrænt grunngildi er því forsenda þess að hægt verði að leysa jafnréttistengd úrlausnarefni framtíðarinnar.

Til þess að hanna góðar lausnir á úrlausnarefnum á sviði jafnréttismála í norrænu löndunum þarf að taka tillit til þátta á borð við aldur, fötlun og uppruna.

Á tímum mikilla umbreytinga og örrar tækniþróunar verða jafnrétti og jöfn réttindi að vera grundvallargildi í norrænum samfélögum. Þetta er sérlega mikilvægt með hliðsjón af aukinni stafrænni væðingu norrænna samfélaga og hraðri þróun á sviði gervigreindar sem gæti valdið miklum breytingum á norrænum vinnumörkuðum, svo dæmi sé tekið.

Ef norrænu löndin eiga áfram að vera samkeppnishæf á sviði stafrænnar væðingar og tækni verður geirinn að laða til sín fjölbreytt starfsfólk. Að sama skapi er það mikilvægt að konur hafi áhrif og aðgang að störfum í þessum vaxandi geira. Jafnframt getur geirinn ýtt undir jafnrétti og fjölbreytileika með því að gera gervigreind þannig úr garði að hún leiðrétti fyrirframgefinn kynjahalla fremur en að viðhalda honum.

Til þess að leysa áskoranir framtíðarinnar er nauðsynlegt að allir íbúar Norðurlanda dafni og búi við sem bestar forsendur til þess að leggja sitt af mörkum til samfélagsþróunarinnar. Í því felst að öll geti verið þau sjálf og hafi tilkall til virðingar og reisnar. Því miður veigrar margt hinsegin fólk sér við að lifa opið af ótta við viðbrögð umhverfisins og það verður oftast en annað fólk fyrir mismunun og hatursglæpum.

”

Allir íbúar Norðurlanda njóta góðs af jafnrétti.

Undirbarkmið 2.1: Stuðla skal að jafnri kynjaskiptingu í stjórnumarstöðum í stjórnmálum og atvinnulífinu.

Undirbarkmið 2.2: Þróunin á sviði stafrænnar væðingar og gervigreindar á að ýta undir jafnrétti og jöfn réttindi.

Undirbarkmið 2.3: Virkja skal almenning á Norðurlöndum til þátttöku í að þróa lausnir á jafnréttistengdum úrlausnarefnum framtíðarinnar, einkum í tengslum við græn umskipti.

Undirbarkmið 2.4: Hinsegin fólk á að geta lifað opnu lífi á Norðurlöndum, upplifað sig öruggt og sem hluta af samfélaginu og haft tækifæri til þess að hafa áhrif á og taka þátt í þjóðlífinu án þess að eiga á hættu mismunun eða áreitni.

Markmið 3: Norðurlönd eiga að vera laus við kynbundið og kynferðislegt ofbeldi, kynferðislega áreitni og hatur



Kynbundið ofbeldi er brot gegn friðhelgi einstaklingsins og birtingarmynd sögulegs valdaójafnvægis á milli karla og kvenna. Kynbundið ofbeldi hefur alvarlegar neikvæðar afleiðingar fyrir viðkomandi einstakling, fjölskyldu hans, önnur nán sambönd og samfélagið.

Einkum konur, en einnig karlar, verða fyrir kynbundnu ofbeldi sem getur verið líkamlegt, andlegt og efnahagslegt ofbeldi í nánu sambandi, sæmdartengt ofbeldi, stafrænt ofbeldi, kynferðislegt ofbeldi, nauðganir og mansal og kynferðisleg misneyting. Sé ekki gripið inn í tæka tíð getur ofbeldi í nánu sambandi í versta falli leitt til makamorðs. Karlar eru miklum meirihluta gerenda bæði andlegs og líkamlegs ofbeldis gagnvart maka. Þörf er á árangursríkum aðgerðum innan lögreglu og réttarkerfisins ásamt snemmtækum fyrirbyggjandi félagslegum aðgerðum sem bæði miðast við þolendur og gerendur.

Frá árinu 2017 hefur #MeToo-hreyfingin sett mark sitt á Norðurlönd og í kjölfarið hafa öll norrænu löndin gripið til aðgerða til þess að koma í veg fyrir og berjast gegn kynferðislegri áreitni og kynferðisofbeldi. Samt sem áður er hvort tveggja enn vandamál hvort sem horft er til einstaklinga, stofnana eða kerfisins. Einkum konur verða fyrir kynferðislegri áreitni og

kynferðisofbeldi í opinberu rými, hvort heldur er á vinnumarkaði, í skóla eða öðru opinberu umhverfi, jafnt á netinu sem í raunheimum. Til þess að geta betur komið í veg fyrir og unnið gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldi verður að nálgast málið út frá þverfaglegu sjónarhorni.

Einstaklingar sem ekki falla að hefðbundnum hugmyndum um kyn, kynvitund, kyngervi og kynhneigð verða líka fyrir kynbundnu ofbeldi, kynferðislegri áreitni og kynferðisofbeldi og á þetta við um margt hinsegin fólk. Að auki upplifa mörg einnig hatur, hótanir og ofbeldi vegna kynhneigðar, kynvitundar, kyngervis eða annarra kynferðistengdra þátta sem álitnir eru víkja frá viðteknum gildum.

”

Kynbundið ofbeldi hefur alvarlegar neikvæðar afleiðingar fyrir viðkomandi einstakling, fjölskyldu hans, önnur nán sambönd og samfélagið.

Undirmarkmið 3.1: Koma skal í veg fyrir og vinna skal og berjast gegn kynbundnu, kynferðislegu og sæmdartengdu ofbeldi og kúgunum og morðum í nánu sambandi. Styðja skal við þolendur og veita gerendum aðstoð til þess að láta af ofbeldishegðun.

Undirmarkmið 3.2: Koma skal í veg fyrir og vinna skal og berjast gegn kynferðisofbeldi og kynferðislegri áreitni.

Undirmarkmið 3.3: Koma skal í veg fyrir og vinna skal og berjast gegn hatursglæpum og hatursorðræðu í garð hinsegin fólks.

Markmið 4: Öllum íbúum Norðurlanda á að gefast tækifæri til að móta eigið líf án þess að staðalmyndir og væntingar sem tengjast kynferði, kynvitund og kynhneigð haldi aftur af þeim



Á Norðurlöndum er frelsi allra íbúa til þess að lifa lífi sínu í samræmi við drauma sína og þrár talið mikils virði. Engu að síður hafa staðalmyndir og væntingar í tengslum við kyn neikvæð áhrif á íbúa norrænu landanna. Þessar staðalmyndir og væntingar geta til dæmis hamlað ungu fólki í að velja sér það nám og starfsvettvang sem hugur þess stendur til. Þá geta kynjaðar og staðlaðar væntingar um útlit valdið vanlíðan.

Karlar og drengir verða einnig fyrir neikvæðum áhrifum. Staðlaðar hugmyndir um karlmennsku geta til dæmis hindrað karla sem glíma við vandamál í því að leita sér aðstoðar og stuðnings og þrýstingur um að standa undir hefðbundnum hugmyndum um karlmennsku getur haft neikvæð áhrif á samband við maka og börn og valdið andlegri vanlíðan. Þrátt fyrir það hafa karlar í sögulegu samhengi verið í minnihluta og hlotið minni athygli í jafnréttisvinnunni.

Í verstu tilvikum geta hefðbundnar staðalmyndir um kynin haft í för með sér neikvætt félagslegt taumhald og sæmdartengda kúgun sem einkum konur og stúlkur verða fyrir en einnig ungir karlmenn.

Staðlaðar kynjamyndir og væntingar hamla einnig mörgu hinsegin fólki bæði í fjölskyldulífi og í sambandi þess við opinber yfirvöld þar sem staðalímyndir um gagnkynhneigð og sískynjun hafa hamlandi áhrif og valda jaðarsetningu, t.d. með tilliti til þess að stofna fjölskyldu.

”

Á Norðurlöndum er frelsi allra íbúa til þess að lifa lífi sínu í samræmi við drauma sína og þrár talið mikils virði.

Undirskrá 4.1: Vinnan að jafnréttismálum á að stuðla að breiðari skilningi á kyni, kvenleika og karlmennsku.

Undirskrá 4.2: Vinna skal gegn sæmdartengdu ofbeldi og kúgun og neikvæðu félagslegu taumhaldi á grundvelli staðalímynda um kyn og kynhneigð.

Undirskrá 4.3: Ýta skal undir breiðari skilning í samfélaginu á kynhneigð og kynvitund til þess að auðvelda hinsegin fólki þátttöku í samfélaginu, þar með talið að stofna fjölskyldu.

Markmið 5: Vinna skal gegn og koma skal í veg fyrir ójafnrétti þegar kemur að heilbrigði, vellíðan og lífsgæðum



Allir íbúar Norðurlanda eiga rétt á sem bestri andlegri og líkamlegri heilsu og aðgengi að heilbrigðis- og umönnunarþjónustu og jafnt aðgengi að heilbrigðisþjónustu er forsenda fyrir jafnri þátttöku í samfélaginu.

Meðalaldur fer hækkandi hjá öllum kynjum á Norðurlöndum en mikill munur er á milli kynja þegar kemur að heilbrigði. Konur upplifa almennt að þær hafi lakari heilsu en karlar og einkum upplifa unga konur andlega vanlíðan. Karlar lifa skemur, fremja oft sjálfsvíg og leita sér sjaldnar læknisaðstoðar en konur og þróa oft með sér misnotkun af ýmsu tagi. Karlar eru oft gerendur ofbeldis en þeir eru líka oft þolendur tilviljanakennds ofbeldis og ofbeldis þar sem gerandi er ókunnugur. Konur eru oft þolendur kynferðisofbeldis, kynferðislegrar áreitni og heimilisofbeldis.

Í mörgum hlutum heimsins er veist að réttinum kvenna yfir eigin líkama og öruggum fóstureyðingum. Rétturinn til að ráða yfir eigin líka og til öruggra fóstureyðinga er grundvallarskilyrði þess að ná jafnræði á milli kynjanna, hvort sem er á Norðurlöndum eða á heimsvísu.

Hinsegin fólk er einnig í viðkvæmri stöðu samanborið við aðra þjóðfélagsþópa þegar litið er til heilbrigðis. Til að mynda er meira um fíkniefnaneyslu, sjálfsskaða og sjálfsvíg á meðal hinsegin fólks auk þess sem streitustig er hærra. Við það bætist að heilbrigðis- og umönnunarþjónusta miðast oft við meirihlutann.

”

Rétturinn til að ráða yfir eigin líka og til öruggra fóstureyðinga er grundvallarskilyrði þess að ná jafnræði á milli kynjanna.

Undirmarkmið 5.1: Koma skal í veg fyrir og vinna skal gegn mun á líkamlegu og andlegu heilbrigði karla og kvenna og hinsegin fólks og annarra þjóðfélagshópa.

Undirmarkmið 5.2: Koma skal til móts við kynbundin vandamál og þarfir í heilbrigðiskerfinu og breiða skal út kynjamiðaðar lausnir.

Undirmarkmið 5.3: Heilbrigðis- og umönnunarstarfsfólk á að hafa góða þekkingu á hinsegin málefnum og skilning á fjölbreytileika þegar kemur að kynvitund, kyngervi, kynhneigð og öðrum kynferðistengdum þáttum til þess að tryggja inngildandi heilbrigðisþjónustu á jafnréttisgrundvelli fyrir alla íbúa Norðurlanda.

Starfsaðferð



Skipulag sviðsins

Norræna ráðherranefndin um jafnrétti og hinsegin málefni (MR-JÄM)

Norræna ráðherranefndin um jafnrétti og hinsegin málefni (MR-JÄM) er skipuð þeim norrænu ráðherrum sem fara með ábyrgð á jafnréttismálum og jöfnum réttindum til handa hinsegin fólki og leiðir hún norrænt samstarf á þessu sviði. Ráðherrarnir funda að minnsta kosti einu sinni á ári þar sem þeir ræða mál sem eru efst á baugi og taka sameiginlegar ákvarðanir á sviðum þar sem samstarf landanna skilar meiri árangri en þegar þau vinna hvert í sínu horni, öðru nafni norræn nytsemi.

Norræni jafnréttissjóðurinn og Norræni LGBTI-sjóðurinn

Til þess að koma á norrænu samstarfi á milli samtaka, atvinnulífsins og borgarasamfélagsins veitir Norræna ráðherranefndin um jafnrétti og hinsegin málefni árlega fé til Norræna jafnréttissjóðsins og Norræna LGBTI-sjóðsins en þar er hægt að sækja um styrki til að fjármagna verkefni sem efla norrænt samstarf og norræna nytsemi á sviði jafnréttismála og hinsegin málefna.

Embættismannanefndin um jafnrétti og hinsegin málefni (EK-JÄM)

Embættismannanefndin er skipuð fulltrúum allra Norðurlandanna auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands og fundar hún yfirleitt þrisvar á ári. Nefndin leiðir daglegt starf, undirbýr ráðherrafundi og fylgir ákvörðunum ráðherranna eftir. Hvert land getur tilnefnt tvo fulltrúa sem búa yfir sérstakri þekkingu á sviði jafnréttismála eða hinsegin málefna.

Norræna upplýsingaveitan um kynjafræði (NIKK)

NIKK er samstarfsstofnun norrænu ríkisstjórnanna á sviði jafnréttismála og hinsegin málefna. NIKK tekur saman og miðlar þekkingu um pólitík og aðgerðir, staðreyndir og rannsóknir á sviði jafnréttismála og hinsegin málefna í norrænu samhengi.

Alþjóðleg ábyrgð

Með hinni norrænu framtíðarsýn um opin Norðurlönd er leitast við að efla rödd Norðurlanda í alþjóðasamfélaginu. Í norrænu samstarfi er unnið að því að styrkja alþjóðlegar skuldbindingar sem ýta undir jafnrétti kynjanna og jöfn réttindi til handa hinsegin fólki á Norðurlöndum og í heiminum.

Á hverju ári tekur Norræna ráðherranefndin um jafnrétti og hinsegin málefni þátt í fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna (CSW) til þess að vekja athygli á norrænum lausnum á sviði jafnréttismála og láta rödd Norðurlanda heyrast á alþjóðavettvangi.

Einnig geta norrænu ríkisstjórnirnar nýtt sér norrænt samstarf á sviði jafnréttismála og hinsegin málefna til þess að samstillast og samræma afstöðu innan Evrópuráðsins og ESB með það fyrir augum að efla sameiginlega rödd Norðurlanda og kynna góðar norrænar lausnir og árangur.

Þá hefur Norræna ráðherranefndin um jafnrétti og hinsegin málefni átt í samstarfi við Eistland, Lettland og Litháen á sviði jafnréttismála frá árinu 2017 til þess að skapa tengslanet, skiptast á reynslu og þróa í sameiningu norrænar-baltneskar lausnir.

Framkvæmd samstarfsins

Skoða ber norrænt samstarf á sviði jafnréttismála og hinsegin málefna í samhengi við önnur stefnumarkandi skjöl Norrænu ráðherranefndarinnar, þar á meðal Framtíðarsýn okkar 2030, og haga skal starfinu í samræmi við stefnu Norrænu ráðherranefndarinnar um samþættingu sjálfbærrar þróunar, jafnréttis og sjónarmiða barna og málefna ungmenna.^[3]

Norræna ráðherranefndin gerir Norðurlandaráði árlega grein fyrir starfi sínu að jafnréttismálum og samþættingu jafnréttissjónarmiða við norrænt samstarf í heild sinni.

Einnig er unnið þvert á fagsviðin að jafnrétti kynjanna og jöfnum réttindum til handa hinsegin fólki með sérstaka áherslu á frumbyggja, fólk úr minnihlutahópum af erlendum uppruna og fatlað fólk.

Samstarfið á að byggjast á þekkingu og staðreyndum og meðal annars snúast um miðlun reynslu og umræðu með því að skapa samnorræna vettvanga, að miðla góðum dæmum, með upplýsingaherferðum, viðhorfsbreytingum, samnorrænum rannsóknum á sviðinu og skiptum á upplýsingum um löggjafarstarf landanna.

Önnur fagsvið Norrænu ráðherranefndarinnar skulu koma að vinnunni eftir því sem við á.

Úttekt á samstarfsáætluninni

Samstarfsáætlunin gildir fyrir tímabilið 2025–2030 en er skipt niður í þriggja ára starfsáætlanir fyrir tímabilin 2025–2027 og 2028–2030.

Á miðju tímabilinu verður gerð úttekt og á grundvelli hennar kann ráðherranefndin að gera breytingar á samstarfsáætluninni ásamt því að fá tillögur að því hvernig rétt sé að útfæra starfsáætlun fyrir seinni hluta tímabilsins.

Auk þess verða gerðar milliúttektir eftir því sem framkvæmdastjóri og ráðherranefndin telja þörf á.

3. <https://www.norden.org/is/information/saman-um-sjalbbaera-throun-jafnretti-og-sjonarmid-barna-og-ungmenna>

Um ritið

Norræn samstarfsáætlun um jafnrétti og hinsegin málefni 2025–2030

PolitikNord 2024:732

ISBN 978-92-893-7937-3 (PDF)

ISBN 978-92-893-7938-0 (ONLINE)

<http://dx.doi.org/10.6027/politknord2024-732>

© Norræna ráðherranefndin 2024

Mynd á forsíðu: Knud Andersen

Myndir: Kim Wyon / Visit Denmark, Ulf Lundin / Imagebank Sweden, Dziana Hasanbekava / Pexels, Transly Translation Agency / Unsplash, Michael Tucker / Unsplash, Ulf Lundin / Imagebank Sweden og Plattform / Scandinav / Imagebank Sweden

Útgefið: Október 2024



Norræna ráðherranefndin

Nordens Hus, Ved Stranden 18, DK-1061 Kaupmannahöfn, www.norden.org

Lesa fleiri norræn rit: www.norden.org/is/utgafur